FÉLAG ÍSLENSKRA BIFREIÐAEIGENDA
ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

**Kæri viðtakandi** 1. nóvember 2013

Gangbraut - Já takk, umferðarátak FÍB sem hófst 26. ágúst 2013 hefur leitt í ljós að mörgu er ábótavant í þessum málum sem nauðsynlegt er að lagfæra. FÍB óskar eftir góðu samstarfi við sveitarfélög og umferðaryfirvöld um að treysta og tryggja sem best öryggi allra vegfarenda, ekki síst þeirra gangandi. Fylgst verður með framvindunni og sú athugun sem almenningur, fjölmiðlar og FÍB hafa gert á gönguleiðum skólabarna verður sérstaklega endurtekin við upphaf nýs skólaárs næsta haust.

Þegar verkefnið hófst tók almenningur um allt land, sem og fjölmiðlar, virkan þátt í því og hafa yfir 300 myndir af vafasömum frágangi gönguleiða yfir umferðargötur borist FÍB. Það ámælisvert að mati FÍB hversu illa gönguleiðir yfir umferðargötur eru merktar hér á landi. Slæmar og óljósar merkingar við skóla og í grennd við þá hljóta að teljast sérstaklega varhugaverðar. Skólabörnin og ástvinir þeirra eiga heimtingu á því að að bestu og öruggustu göngustaðirnir yfir umferðargötur séu skilgreindir og merktir löglega og skýrt, svo ekkert fari á milli mála hvorki hjá börnunum sjálfum, né ökumönnum sem um þessar götur aka.
Sérfræðingar FÍB hafa nú yfirfarið þær myndir og athugasemdir sem borist hafa. Jafnframt hafa þeir sjálfir farið á vettvang og metið aðstæður samkvæmt stöðluðum vinnubrögðum og aðferðum Euro RAP vegrýninnar.

**Allar niðurstöður er að finna inná www.fib.is -** *Verkefnastjóri átaksins er Bogi Auðarson netfang: bogi@fib.is*

Það sem athugun sérfræðinga FÍB leiðir í ljós að helst er ábótavant varðandi frágang gönguleiða yfir akbrautir er eftirfarandi:

1. *Mjög verulegt misræmi er milli sveitarfélaga hvað varðar frágang á gangbrautum. Verulega skortir á samræmi og samræmdar reglur og skilgreiningar um það hvað teljist fullgild gangbraut og hvernig beri að merkja hana. Eftirlit með þessum málum virðist ekkert vera og lögum og reglugerðum lítt eða ekki framfylgt.*

2. *Umferðarlög og reglugerðir um merkingar eru þverbrotnar á mörgum stöðum.*

3. *Í Reykjavík er það áberandi hversu zebramerktar gangbrautir eru sjaldgæfar.*

4. *Á Ísafirði eru zebramerkingar gangbrauta með ágætum en gangbrautarmerki sem upplýsa ökumenn um að gangbraut sé framundan eru afar fáséð. Gangbrautamerki eru forsenda þess að gönguleiðin hafi lagagildi sem gangbraut.*

5. *Í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur: Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði eru fyrrnefndar merkingar víðast hvar góðar og mun betri en í höfuðborginni.*

6. *Skilti sem áminna ökumenn um að sýna varúð því gangbraut sé framundan og í nánd eru allsstaðar afar sjaldgæf.*

7. *Lýsingu við gangbrautir er víða ábótavant.*

8. *Sýnileiki gangandi vegfarenda er oft takmarkaður, t.d. vegna þess að bílastæði, einhverskonar veggir eða trjágróður eru mjög nærri gangbraut og skerða útsýni hinna akandi til gönguleiðarinnar og næsta nágrennis hennar.*

9. *Talsvert um misvísandi yfirborðsmerkingar, merkingar sem ekki eru zebramerkingar og eiga sér því ekki stoð í lögum og reglum.*

10. *Ekkert samræmi er í notkun hraðahindrandi aðgerða við gangbrautir.*

Hafnarfjarðarbær
Innk: 4.11.2013
Málsnr: 1311016
Bréfal: 577.0

**Kveðja starfsfólk FÍB**

| Hafnarfjörður | Leyfður hámarkshraði | Zebrabraut | Gangbrautarskilti | Eyja/Þrengingar | Upphækkun | Aðvörunarskilti/Gangbraut | Hraðahindranir | Aðvörun/Hraðahindrun | Lýsing gangbrautar | Sýnileiki vegfarenda | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hjallabraut | 50 | 2 | 5 | 5 | 5 | 1 | 3 | 2 | 5 | 4 | 3,38 |
| Álfaskeið | 50 | 1 | 1 | 1 | 5 | 1 | 3 | 1 | 3 | 5 | 2,33 |
| Fjarðargata #1 | 50 | 5 | 1 | 5 | 1 | 1 | 1 | | 3 | 5 | 2,75 |
| Fjarðargata #2 | 50 | 1 | 1 | 5 | 1 | 1 | 1 | | 5 | 5 | 2,50 |
| Hlíðarberg | 30 | 2 | 3 | 1 | 5 | 1 | 4 | 1 | 3 | 5 | 2,78 |
| Hólshraun | 50 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 2 | 3 | 1,38 |

| Lýsing: | Stjörnur | Einkunn |
|---|---|---|
| Mjög gott | ***** | 5 |
| Gott | **** | 4 |
| Sæmilegt | *** | 3 |
| Lélegt | ** | 2 |
| Mjög lélegt | * | 1 |
| Á ekki við | | 0 |

**Hjallabraut**



**Álfaskeið**



**Fjarðargata #1**



**Fjarðargata #2**



**Hlíðarberg**



**Hólshraun**



## Hafnarfjörður

| Hafnarfjörður | Leyfður hámarkshraði | Zebrabraut | Gangbrautarskilti | Eyja/þrengingar | Upphækkun | Aðvörunarskilti/Gangbraut | Hraðahindranir | Aðvörun/Hraðahindrun | Lýsing gangbrautar | Sýnileiki vegfarenda | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaplahraun #1 | 50 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | | 3 | 3 | 1,63 |
| Kaplahraun #2 | 50 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 2 | 3 | 1,38 |
| Kaplahraun #3 | 50 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 2 | 4 | 1,50 |
| Kríuás | 30 | 1 | 1 | 1 | 5 | 1 | 3 | 1 | 3 | 4 | 2,22 |
| Reykjavíkurvegur | 50 | 1 | 1 | 5 | 1 | 1 | 1 | | 4 | 4 | 2,25 |
| Skútahraun #1 | 50 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | | 2 | 3 | 1,50 |
| Skútahraun #2 | 50 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 3 | 3 | 1,50 |
| Öldutún | 30 | 1 | 1 | 1 | 5 | 1 | 3 | 1 | 3 | 3 | 2,11 |
| | | | | | | | | | | | 2,09 |

| Lýsing: | Stjörnur | Einkunn |
|---|---|---|
| Mjög gott | ***** | 5 |
| Gott | **** | 4 |
| Sæmilegt | *** | 3 |
| Lélegt | ** | 2 |
| Mjög lélegt | * | 1 |
| Á ekki við | | 0 |

**Kaplahraun #1**



**Kaplahraun #2**



**Kaplahraun #3**



**Kríuás**



**Reykjavíkurvegur**



**Skútahraun #1**



**Skútahraun #2**



**Öldutún**

